



# Breytilegar slóðir sandstróka og sandráka í Noachis Terra

ESP\_030014\_1245



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Sanöldur á Mars eru vinsælt rannsóknarefni af ýmsum ástæðum. Nýlegar rannsóknir hafa einkum beinst að því hvernig sandöldur og gárur færast. Á þessari mynd sjáum við sandöldur í gíg í Noachis Terra. Þegar við þysjum inn að einu þessara svæða, koma í ljós jaðrar tveggja alda sem gárur og grjót skilja í sundur. Við getum borið þetta svæði saman við aðra mynd sem tekin var fyrir tveimur Marsárum. Á eldri myndinni sést aragrúi dökkra ráka á öldunum. Þetta eru slóðir eftir sandstróka sem myndast þegar hvírfilvindar þyrta þunnu ryklagi upp af yfirborðinu og leiða í ljós dekkra undirlag. Að auki sjást dökkar sandrákir sem liggja í vestur frá eystri öldunni. Samanburður á myndunum sýnir að næstum allar slóðir sandstrókanna og dökku rákirnar hafa horfið síðastliðin tvö Marsár. Fátt er eftir sem bendir til þess að sandöldurnar og gárurnar hafi færst (myndirnar hafa þó ekki verið unnar sérstaklega til nákvæmari greiningar).